

Skólaráð

1. fundur, 10.október 2021 kl. 8:10.

*Mættir: Sigrún Bjarnadóttir, Bergrún Grímsdóttir, Margrét Ludwig, Júlíus Þór Sigurjónsson,, Hrafnhildur Einarsdóttir, Styrmir Hugi Sigurðarson, Svanhildur Ástþórsdóttir og Elísabet Stefánsdóttir. Ágústa M. Jónsdóttir fjarverandi.
Einar Birgir Steinþórsson ritari*

1. Sigrún Bjarnadóttir (SB) býður nefndarmenn velkomna og fer yfir hlutverk þeirra fulltrúa sem sitja í skólaráði.
Dreifir reglugerð um skólaráð og handbók um skólaráð (starfsreglum skólaráðs).
Nýr nemendafulltrúi boðin velkominn í skólaráð.
Aðalfundi foreldrafélagsins var frestað í vor en verður fljótlega. Þess vegna gætu orðið breytingar á fulltrúum foreldra í skólaráði fyrir næsta fund. Jafnframt á eftir að kjósa um annan fulltrúa kennara svo þar gæti orðið endurnýjun líka.
2. SB fer yfir byrjun skólastarfsins og útskýrir hvaða sóttvarnareglur hafa verið í gildi við upphaf skólaársins.
Almennt má segja að skólastarfið hafi farið vel af stað.
SB fer yfir stöðuna á viðgerðum á álmu 5 sem er verið að endurnýja vegna mygluskemmda. Upphaflega átti verkinu að ljúka 20.ágúst en vegna aukins umfangs á viðgerðum og meiri endurnýjunar hefur verkinu seinkað. Stefnt er á að verkinu ljúki 1. nóvember en óvíst að sú dagsetning haldi.
3. Starfsáætlun skólaársins 2021-2022.
Ný samstarfsáætlun skólans og foreldrafélagsins dreift og SB fer yfir hana og útskýrir. SB fer yfir starfsáætlunina og útskýrir einstaka liði.
Gerði grein fyrir því að þar sem foreldrafélagið hefur ekki enn náð að halda aðalfund á eftir að kjósa nýja stjórn og fulltrúa í skólaráð. Stjórn síðasta skólaárs situr því áfram og er inni í starfsáætluninni með þessari athugasemd.

Margrét L spyr hvort ekki sé þörf á að bjóða læsisfundi fyrir eldri stig, ekki bara fyrir foreldra á yngsta stigi.

Rætt um hvaða reglur gilda innan skólans varðandi facebooksíðu einstakra árganga/bekkjja.

Skólaráð samþykkti starfsáætlunina.

4. Önnur mál.

a. Svanhildur minnir á að þörf sé á að útskýra fyrir foreldrum að þeir þurfi sjálfir að huga að stillingum í Mentor varðandi hvaða upplýsingar sjást og hverjar ekki, t.d. varðandi póstlista foreldra. Skólinn mun vekja athygli foreldra á þessu og senda út leiðbeiningar til foreldra hvað þetta varðar.

b. Rætt um skemmdir á sófum í unglingsal og hvers vegna þeir voru fjarlægðir. Umgengni var mjög slæm, sófarnir það skemmdir að heilbrigðiseftirlitið fór fram á að þeir yrðu fjarlægðir. SB gerir grein fyrir að endurnýjun sé í ferli.

c. Minnt á að fresturinn til að koma með tillögur í “Okkar Kópavogur” er að renna út

13.október.

d. Júlíus spyr um hjólagrindur við skólann og hvort til standi að fjölga þeim og endurnýja. SB veit ekki til þess að það sé í farvatninu. Þarf fleiri og hærri grindur.

e. Rætt um inn og útkeyrslu á planinu við íþróttahúsið þegar foreldrar eru að skila börnum. Margir sem fara ekki eftir einstefnu merkingum. Þar kom fram að þetta ætti jafnvel við um starfsmenn og verður það tekið upp innan skólans

f. Elísabet S nefnir að það sé hópamyndun í skoti við íþróttahúsið á kvöldin. Þaðan bærast lykt sem benti til þess að þar væri verið að neyta ólöglegra efna. Bent á að rétt væri að hún kæmi þessum upplýsingum áfram til lögreglu og á foreldraröltið.

Fundi slitið kl. 9:35.